

Til kvenfélaga,
kvennasamtaka og
verkalyðsfélaga kvenna
í Reykjavík.

Reykjavík 12. febrúar 1982

Þann 31. janúar síðastliðinn voru stofnuð í Reykjavík Samtök um kvennaframboð og hyggjast þau bjóða fram til borgarstjórnarkosninga í vor. Í lögum samtakanna segir að markmið þeirra sé að:

- a) auka áhrif kvenna í samféluginu.
- b) vekja umræðu um stöðu kvenna.
- c) stuðla að því að viskuforði og jákvæð reynsla kvenna verði verði nýtt í þágu betra þjóðfélags.
- d) berjast fyrir heimi þar sem konur, karlar og börn standa jafnt að vígi, þar sem menning beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stefnir til.
- e) að standa að baki þeirra fulltrúa sem ná kjöri til borgarstjórnar af lista Kvennaframboðsins.

Samtök þessi eru ekki "flokkspólítisk" í hefðbundinni merkingu þess orðs, heldur hafa þau innan sinna vébanda konur með mismunandi pólitískar skoðanir sem allar eiga það sameiginlegt að þær vilja beita sér fyrir auknum áhrifum kvenna í samféluginu. Sumar okkar hafa tekið þátt í starfi pólitísku flokkanna en yfirgnæfandi meiri hluti hefur aldrei verið skráður meðlimur í stjórnþálflokk. Ætti það ekki að koma neinum á óvart þegar þess er gátt, að einungis 20-30% félaga í stjórnþálflokkunum eru konur.

En þá er komið að erindi okkar við ykkur. Við viljum að reynsla og viska kvenna verði nýtt í skipulagningu og stjórnun þessarar borgar sem við lifum í. Til þess að svo megi verða, þarfum við að heyra sjónarmið sem allra flestra kvenna. Ef við

leggjumst allar á eitt og ræðum opinskátt saman, ættum við að geta komist að því hvar skórinн kreppir að og hvar brýnast er að beita sér fyrir úrbótum. Við viljum því gjarnan hitta ykkur til skrafs og ráðagerða, enda erum við þess fullvissar að báðir aðilar hafa sitthvað að segja hinum. Við leggjum áherslu á að við erum ekki að fara fram á formlegan fund með félagi/samtökum ykkar heldur viljum við gjarnan fá að mæta þar á fundi og ræða málín. Höfum við nú þegar farið á einn slikan fund hjá Kvenfélagi Álfaneshrepps og þar sem hann gafst mjög vel höfum við hug á að endurtaka hann annars staðar.

Til þess að þið getið betur gert ykkur grein fyrir hvers eðlis samtök okkar eru, þá sendum við ykkur lög samtakanna og þann sameiginlega hugmyndafræðilega grundvöll sem framboð okkar byggir á. Ef þið hafið hug á að rabba við okkur um þessi mál, þá getið þið snúið ykkur niður í Hótel Vík við Vallarstræti þar sem við höfum aðsetur. Skrifstofa okkar þar er opin alla daga frá þrjú til sjö og þangað eru allir velkomnir. Ef þið kjósið að hringja þá er síminn 21500.

Með kveðju og von
um góðar undirtektir,
f.h. Samtaka um kvennaframboð

Sólrún Gísladóttir